

Jafnréttisáætlun leikskólans Nóaborgar.

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt. Að auki mun skólinn í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun skólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp. Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

- Skipulag starfsins í leikskólanum miðist við að bæði drengir og stúlkur fái notið sín í leikskólanum í leik og starfi.
- Starfsfólk gæti jafnræðis í allri sinni framkomu við börnin og foreldra þeirra óháð kyni, þjóðerni, trúarbrögðum, kynhneigð og fötlunar.

Hvað	Hvernig	Hvenær	Ábyrgð
Fyrirlestur fyrir allt starfsfólk um jafnrétti og staðalímyndir	Auður Magnús Auðardóttir verkefnisstjóri kemur á starfsmannafund	Febrúar 2015	Leikskólastjóri
Vinna gegn staðalímyndum í bókum	Fara í gegnum bókasafn leikskólans með jafnrétti kynja og barna af mismunandi þjóðernum í huga	Jöfnum höndum árin 2015 og 2016	Allir starfsmenn
Vinna gegn staðalímyndum í söngtextum	Fara yfir þau lög sem við erum að syngja með börnunum með jafnrétti allra í huga	Jöfnum höndum árin 2015 og 2016	Allir starfsmenn
Kynning á mannréttindastefnu borgarinnar	Fá fulltrúa af Mannréttindaskrifstofu til að fara yfir mannréttindastefnu borgarinnar	Skólaárið 2015-2016	Leikskólastjóri
Starfsfólk hugi að því að allt náms- og leikefni sem boðið er upp á í leikskólanum höfði bæði til stelpna og stráka	Fara yfir náms-/leikefni leikskólans m.t.t. hvort það uppfylli skilyrðin hér að framan	Vor- og haustönn 2015	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Kynning á hlutverki skóla varðandi ofbeldi á börnum í tengslum við útgáfu bókarinnar Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla	Fá höfund bókarinnar á skipulagsdag og kynna handbókina og hlutverk skólans. Starfsfólk er einnig hvatt til að kynna sér innihald bókarinnar	Starfsfólk lesi bókina á vorönn 2015 og kynningin fari fram á skipulagsdegi á haustönn 2015	Leikskólastjóri og deildarstjórar